




**amnesty  
international**

Íslandsdeild - Iceland section  
Hafnarstræti 15 - P.O. Box 618  
121 Reykjavík - Iceland  
Tel.: 354-551 6940  
Fax: 354-561 6940  
E-mail: amnesty@amnesty.is



Hr. utanríkisráðherra Halldór Ásgrímsson  
Utanríkisráðuneytið  
Rauðararstíg  
150 Reykjavík

Reykjavík 23.02.04

Háttvirtu ráðherra,

Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna kemur saman til árlegs fundar í Genf 15. mars til 23. apríl. Amnesty International leggur áherslu á mikilvægi starfs Sameinuðu þjóðanna á vettvangi mannréttinda, og er starf mannréttindanefndarinnar einn af hornsteinum þess nauðsynlega starfs að tryggja að mannréttindasáttmálum sé framfylgt.

Það er mér mikil ánægja að setja með þessu bréfi skýrslu (2004 UN Commission on Human Rights, Mission to promote and protect human rights IOR 41/001/2004), sem Amnesty International hefur tekið saman. Í skýrslunni er að finna úttekt á þeim málefnum sem samtökin leggja áherslu á að verði tekin fyrir á fundi nefndarinnar ásamt tilmælum samtakanna.

Íslandsdeild Amnesty International hvetur ríkisstjórn Íslands til að taka skýra afstöðu með mannréttindum á fundi nefndarinnar. Í meðfylgjandi skýrslu eru tilmæli Amnesty International sett fram, en þau málefni sem samtökin leggja megináherslu á eru: Baráttan gegn ofbeldi á konum, afnám dauðarefsingarinnar, mannréttindi og aðgerðir gegn "hryðjuverkastarfsemi", mannréttindi og kynhneigð, mannréttindaviðmið fyrir fyrirtæki, og mannréttindi flóttafólks, hælisleitenda, farandverkafólks og útlendinga. Mannréttindanefndin mun einnig fjalla um gerð valfrjáls viðauka við Alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Slíkur viðauki myndi fela í sér kæruleið fyrir einstaklinga og hópa. Árið 1976 var samþykktur valfrjáls viðauki við Alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi. Á Vínarráðstefnunni árið 1993 var ítrekað að öll mannréttindi væru innbyrðis háð og órjúfanleg. Þrátt fyrir það er borgaralegum og stjórnmalalegum réttindum gert hærra undir höfði víða um heim og efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi lúta oft en ekki í lægra haldi. Valfrjáls viðauki við samninginn myndi tryggja betur vernd einstaklinga og hópa fyrir brotum á efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum. Íslandsdeild Amnesty International hvetur því yfirvöld til að tryggja framgang slíks viðauka. Tilmæli Amnesty International er að finna í meðfylgjandi skýrslu.


Samtök, sem berjast fyrir verndun mannréttinda. Amnesty International hefur ráðgefandi stöðu innan S.Þ. og Evrópuráðsins. Friðarverðlaun Nóbels veitt Amnesty International árið 1977.

A movement to fight persecution and protect Human Rights. Amnesty International has consultative status with the United Nations (ECOSOC) and the Council of Europe. AI was awarded the Nobel Peace Prize 1977.

Nefndin fjallar um mannréttindabrot í einstökum löndum og í skýrslunni er að finna samantekt um ástand mannréttinda í Afríku, Ameríkulöndum, Asíu og Kyrrahafi, Evrópu og Mið-Asíu, Miðausturlöndum og Norður Afríku auk kafla um ástand mála í þeim 18 löndum sem tekin verða til umfjöllunar á fundi nefndarinnar, þ.e.a.s. Afganistan, Hvíta-Rússlandi, Búrúndi, Kambódíu, Tsjad, Kólumbíu, Kúbu, Norður Kóreu, Lýðveldinu Kongó, Haiti, Írak, Ísrael og herteknu svæðunum, Líberíu, Mjanmar, Síerra Leone, Sómalíu, Timor-Leste og Turkmenistan. Rétt er að benda á að Amnesty International hefur áhyggjur af ástandi mannréttinda í mun fleiri löndum en þessum átján eins og fram kemur í árskýrslu samtakanna og öðrum skýrslum sem við höfum gefið út. Amnesty International hefur miklar áhyggjur af því að það dragi úr trúverðugleika mannréttindanefndarinnar að hún hefur látið undir höfuð leggjast að taka til umfjöllunar mannréttindabrot í öðrum löndum þar sem nægar sannanir um brot eru fyrir hendi.

Íslandsdeild Amnesty International hvetur til að við undirbúning taki íslensk yfirvöld fullt tillit til tilmæla og upplýsinga samtakanna. Við vonum að skýrslan nýtist vel og erum reiðubúin til að veita frekari upplýsinga sé þess óskað.

Virðingarfyllt

  
Jóhanna K. Eyjólfsson  
Framkvæmdastjóri  
Íslandsdeildar Amnesty International